

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Guðmundur Finnbogason <Gudmundur.Finnbogason@landsvirkjun.is>  
**Sent:** föstudagur, 26. ágúst 2022 10:54  
**To:** Árni Eiríksson; Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Cc:** Georg Þór Pálsson  
**Subject:** Fundur með sveitarstjórn

Sæl Árni og Hulda,

Ég heiti Guðmundur og er að taka við sem fulltrúi Nærsamfélags og náttúru en það var verkefni sem að Olivera sinnti hérna hjá okkur á Þjórsársvæðinu. Olivera verður áfram hjá okkur í öðrum verkefnum.

Eins og áður þá langar okkur að bjóða sveitarstjórn til fundar við okkur til að fara yfir verkefni og hlutverk Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu og ræða um þau málefni sem við eigum samtarf um.

Við höfum haft þessa fundi árlega og jafnan að vori en á kosningarári er oft gott að hittast eftir sumarið til að geta átt samtalið við ný kjörna sveitarstjórn.

Markmið þessa fundar er að kynna starfsemina og næstu verkefni fyrir sveitarstjórnarfólki, efla samskipti og boðleiðir og eiga gott samtalið.

Okkur langar gjarnan til að bjóða ykkur í heimsókn til okkar og nýta tækifærið og sýna ykkur eitthvað af starfseminni.

Við erum nokkuð sveigjanleg með tíma svo að ég óska eftir því að þið komið með tillögu að fundartíma. Ef það er mögulegt væri mjög gaman að geta boðið ykkur í hádegismat í okkar rómaða mötuneyti.

Ef að það hentar ekki að koma í heimsókn höfum við fullan skilning á því og getum alveg haft þennan fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Ég hlakka til að heyra í ykkur

Guðmundur Finnbogason

Verkefnisstjóri — Nærsamfélag og náttúra +354 515 9151



Lagaður fyrirvari  
Privacy & Legal Disclaimer